



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 377

Hjá Báru

verslun

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 377

Hjá Báru verslun

Lögskráð heiti tískuverslunar Báru Sigurjónsdóttur, Hjá Báru, er Hattaverslun Ísafoldar. Bára keypti verslunina um 1950 og var hún þá til húsa í Austurstræti 14 í Reykjavík.

Verslunin var í fyrstu hattabúð og lærði Bára hattagerð í Iðnskólanum í Reykjavík til að geta rekið búðina; smám saman varð verslunin að hátískuverslun með samkvæmiskjóra og ýmislegt annað tilheyrandi kvenfatnaði sem og skrautumum af öllu tagi. Verslunin hefur verið í staðsett við Hverfisgötu 50 í um 25 ár og var ein fyrsta verslun sinnar tegundar á Íslandi og um langt skeið fremst í flokki tískuverslana. Verslunin var afar glæsilega innréttuð, innanstokksmunir og teppi sérpöntuð frá útlöndum og skreyttu veggj m.a. handsmíðaðir gylltir skrautspeglar frá Flórens á Ítalíu. Verslunin hætti starfsemi síðla hausts 2000.

Bára Sigurjónsdóttir, kaupkona, er fædd 20. febrúar 1922 í Hafnarfirði, dóttir Sigurjóns Einarssonar skipstjóra, fæddur 1897 í Gestshúsum í Hafnarfirði og Rannveigar Vigfúsdóttur, fædd 1898 á Búðum á Snæfellsnesi.

Fyrri eiginmaður hennar var Kjartan Sigurjónsson, söngvari, látinn 1945, síðari eiginmaður hennar var Pétur Guðjónsson, kaupmaður, fæddur 1927, dáinn 1983 og eignuðust þau tvo syni, Sigurjón og Guðjón.

Skjöl og munir voru sótt í verslun Báru 17. nóvember 2000.

Ingólfur Margeirsson ritaði ævisögu Báru:

„Hjá Báru. Endurminningar Báru Sigurjónsdóttur kaupkonu“. (Örn & Örlygur 1992)

Skjalaskrá

Askja 1

Askja innpökkuð bleikum skrautpappír og með fölblaikri slaufu utan um og álímdu merki verslunarinnar.

Merkimiðar verslunarinnar, gylltir, sporöskjulaga með skrautskrift í grænu: hjá Báru.

Lítil askja, vafin inn í silfurlitaðan skrautpappír með gylltum borða, skreytt skrautkúlum úr gleri og silki.

Perlufesti, bleik.

Lítil gyllt askja, lokuð með merki verslunarinnar.

Tvö herðatré, gyllt úr plasti, haldið saman til skrauts með bleikri slaufu.

Inneignarnóta 1999.

Skilti verslunarinnar. Gylltur skrautrammi með fölgrænum flauelsbakgrunni hvar á stendur með stórum gylltum upphleyptum skrautrituðum stöfum: Hjá Báru.

Skiltið á að hanga upp á vegg í þartilgerðum tveimur látúnskeðjum. Skiltið hékk í áratugi við inngang verslunarinnar.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir